



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/124
komudagur 15.10.2012

Reykjavík, 15. október 2012
Tilvísun: 201210-1086

Efni: Umsögn um frumvarp til lögreglulaga (fækkun umdæma o.fl.), 173. mál

Með tölvupósti dags. í dag var embættinu gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn vegna frumvarps til lögreglulaga (fækkun umdæma o.fl.), 173. mál.


Samskonar frumvörp og nú liggur fyrir hefur í þrígang verið sent embættinu til umsagnar og til glöggvunar fylgja fyrri umsagnir embættisins frá maí 2010 og 2011 með þessari umsögn. Nokkur af þeim atriðum sem bent er á í fyrri umsögnum hafa tekið viðunandi breytingum í fyrirbyggjandi frumvarpi en önnur ekki. Því er áfram vísað til fyrri ábendinga og athugasemda vegna þessa eftir því sem við á. Þau atriði eru einkum eftirfarandi:

Þeir möguleikar sem felast í fækkun og stækkun embætta eru bæði faglegir og fjárhagslegir. Á móti koma sjónarmið um nálægð æðstu stjórnenda við verkefni, samstarfsaðila og íbúa. Því stærra sem lögreglulið er því meiri möguleika hefur það til að takast á við öll þau verkefni sem upp kunna að koma og því meiri verður sveigjanleikinn. Sértek verkefni (vegna almannavarna, einkum snjóflóða), ófærð um lengri og skemmri tíma og miklar vegalengdir eru sterkar röksemdir á bak við þá ákvörðun að hafa áfram sjálfstætt lögreglulið og lögreglustjóra á Vestfjörðum. Þau rök eru hins vegar ekki til staðar með sama hætti á Norðurlandi þar sem áform eru uppi um að hafa tvö lögregluembætti. Þar með eru þeir möguleikar sem eru fyrir hendi til faglegrar og fjárhagslegrar eflingar löggæslu á Norðurlandi með sameiningu embætta ekki nýttir til fullnustu.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi embættis ríkislögreglustjóra samkvæmt frumvarpinu. Brýnt er á faglegum og fjárhagslegum ástæðum að skoða alla þætti í starfsemi lögreglunnar og þar ætti embætti ríkislögreglustjóra ekki að vera undanskilið.

Athugasemdir eru áfram gerðar við það að ekki skuli standa til að færa skipunarvald allra lögreglumanna til viðkomandi forstöðumanna og lögreglustjóra á hverjum stað.

Áfram eru gerðar athugasemdir varðandi hæfisskilyrði starfsmanna lögreglu, sjá 8. gr. frumvarpsins, sbr. fyrri athugasemdir embættisins. Samspil þessa ákvæðis við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er með öllu óljóst þar sem mælt er fyrir um að athugun skuli gerð á þessum skilyrðum reglubundið, eftir að starfsmaður hefur verið ráðinn, settur eða skipaður til starfa. Sjá nánari fyrri athugasemdir sem eru meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri.





LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2011
Tilvísun: 201105-0521

Efni: Umsögn um frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.), 753. mál.

Með tölvupósti dags. 11. maí sl. var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sent til umsagnar frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.), 753. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 8. Fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarpið að dregið sé úr þeirri áherslu sem var á að færa verkefni frá ríkislögreglustjóra til einstakra lögreglustjóra, eins og lagt var upp með í frumvarpi sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi vorið 2010.

Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á starfsemi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kunnugt er tók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til starfa 1. janúar 2007, með sameiningu þriggja lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. Í umsögn embættisins, dags. 5. maí 2010, um frumvarp til lögreglulaga sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi, er rakin sá faglegi og fjárhagslegi ávinningur sem við blasir í kjölfar umræddrar sameiningar og fylgir umrædd umsögn með til fróðleiks um þann ávinning og fleira.

Það er mat lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að fyrirliggjandi frumvarp feli í sér skref í þá átt að efla og styrkja lögregluna í landinu. Hins vegar er ekki jafn langt gengið og lagt var til í fyrra frumvarpi, sem dregur úr þeirri fjárhagslegu og faglegu hagræðingu sem ella hefði verið unnt að ná. Jafnframt liggur fyrir að ekki stendur til að gera breytingar á fjölda sýslumannsembætta í landinu fyrr en að nokkrum árum liðnum. Því er ljóst að stofnun þeirra nýju embætta sem frumvarpið gerir ráð fyrir mun hafa í för með sér kostnað sem fyrirsjáanlegt er að mæta þarf innan kerfisins og gildandi fjárheimilda. Þá skal þess jafnframt getið að með því að hverfa frá þeirri stefnu sem mörkuð var í fyrra frumvarpi og fól í sér tilflutning verkefna frá ríkislögreglustjóra til einstakra lögreglustjóra þá er einnig verið að takmarka möguleika til faglegrar og fjárhagslegrar hagræðingar og eflingar löggæslu á ýmsum sviðum.

Hvað varðar einstök ákvæði frumvarpsins eru athugasemdir gerðar við þá tillögu sem er að finna í 2. gr. frumvarpsins að innanríkisráðherra sé unnt að fela sýslumanni daglega lögreglustjórn í umdæmi sínu. Í frumvarpinu er mörkuð sú stefna að skilja á milli starfsemi sýslumanna og löggæslu. Skýr fagleg rök hafa verið færð fram fyrir þeim aðskilnaði og því skýtur ofangreind heimild skökku við og eykur þar fyrir utan flækjustig við daglega stjórnun viðkomandi hluta lögregluliðsins, bæði faglega og fjárhagslega.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um hæfisskilyrði til skipunar í tilgreind embætti og skipunarvald í lokamálsgrein greinarinnar. Þar er lögð til sú eðlilega breyting að skipunarvald yfir lögreglumönnum verði í höndum viðkomandi lögreglustjóra, með þeirri undantekningu þó að ríkislögreglustjóri skipi yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Í athugasemdum við

Hverfisgata 115
150 Reykjavík

Sími: 444-1000
Fax: 444-1015
Veffang: www.lrh.is
Netfang: lrh@lrh.is


Þetta ákvæði segir að sú breyting að fela lögreglustjóra að skipa alla lögreglumenn nema yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna við sitt embætti sé gerð til að undirstrika stjórnunarheimildir lögreglustjóra yfir starfsliði sínu og gera boðleiðir skýrari. Eðlilegt sé að sá sem beri ábyrgð á störfum undirmanna sinna skipi starfsmenn sína, enda fer hann með áminningarvaldið samkvæmt starfsmannalögum. Rökin fyrir því að færa skipun yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna ekki með sama hætti til lögreglustjóra eru tilgreind þau að heppilegra sé að gera breytingar í áföngum auk þess sem það er talið mikilvægt að haldið sé á skipunarmálum stjórnenda embættanna með samræmdum og tryggum hætti eftir að hin nýju sameinuðu embætti taka til starfa. Það er mat lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að löngu sé tímabært að færa allt ráðningarvald, í þessu tilviki skipanir og setningar lögreglumanna, til viðkomandi lögreglustjóra og forstöðumanns. Ekki er talin ástæða til að gera greinarmun á lögreglumönnum eftir því hver staða þeirra er innan lögregluliðsins og ekki síður mikilvægt að lögreglustjóri fari með skipunarvald gagnvart sínum nánustu samstarfsmönnum en öðrum starfsmönnum embættisins. Því er lagt til að skipunarvaldið verði alfarið fært í hendur viðkomandi lögreglustjóra.

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um hæfisskilyrði lögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, en þau eru samkvæmt frumvarpinu þau sömu. Er þar um að ræða breytingu frá gildandi lögum um hæfisskilyrði aðstoðarríkislögreglustjóra og aðstoðarlögreglustjóra á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir því að staðgenglar annarra lögreglustjóra en ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu þurfi ekki að uppfylla sömu hæfisskilyrði og lögreglustjórinn í viðkomandi umdæmi. Ekki verður séð að haldbær rök séu fyrir þessari aðgreiningu milli einstakra lögregluembætti á hæfisskilyrðum staðgengla lögreglustjóra.

Athugasemdir eru einnig gerðar við 7. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið lokamálslið ákvæðisins. Í ákvæðinu er að finna eðlilegar takmarkanir á því hverja megi skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu. Í lokamálslið ákvæðisins er lagt til að skoðun á því hvort starfsmenn uppfylli það skilyrði að hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem geti rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verði almennt að njóta, skuli fara fram með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Ekki er fjallað um þetta niðurlagsákvæði í athugasemdum með frumvarpinu og vakna ýmsar spurningar um framkvæmd þess og samspil við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þeim lögum gilda strangar reglur um brottvikningu starfsmanna úr starfi, þar á meðal um undanfarandi áminningu og tækifæri fyrir starfsmann til að bæta ráð sitt. Ekki verður ráðið af framangreindu ákvæði hvernig samspili við ákvæði starfsmannalaga skuli vera háttáð og hvort starfsmenn lögreglu eigi í þessum efnum að vera settir undir strangari skilyrði en ríkisstarfsmenn almennt. Ef svo er ekki sýnist þetta ákvæði óþarft en ef setja á starfsmönnum lögreglu strangari skilyrði í þessum efnum en öðrum ríkisstarfsmönnum kallar það jafnframt á viðeigandi breytingar á starfsmannalögum.

Meðfylgjandi er eins og að framan greinir umsögn embættisins um fyrra frumvarp, dags. 5. maí 2010, þar sem finna má ítarlega samantekt um faglegan og fjárhagslegan ávinning af sameiningu lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,


Stefán Eiríksson, lögreglustjóri





LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2010
Tilvísun: 201005-0391

Efni: Umsögu um frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.)

Með tölvupósti dags. 21. apríl sl. var lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sent til umsagnar frumvarp til lögreglulaga (fækkun lögregluumdæma o.fl.), 586. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögregluumdæmum verði fækkað úr 15 í 6. Jafnframt er lagt til að lögfest verði almenn heimild til að fela einstökum lögregluembættum verkefni á landsvisu, sem nú eru á hendi embættis ríkislögreglustjóra. Það er mat lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að frumvarpið sé rétt og jákvætt skref til eflingar lögreglunnar í landinu vegna þeirra möguleika sem skapast með framangreindum breytingum til eflingar á faglegri starfsemi lögreglu og um leið til hagræðingar í rekstri hennar. Eru rök fyrir því rekin nánar í þessari umsögn.

Frumvarpið felur ekki í sér miklar breytingar á starfsemi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kunnugt er tók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til starfa 1. janúar 2007, með sameiningu þriggja lögregluembætti á höfuðborgarsvæðinu. Var það einn liður í umfangsmiklum breytingum á skipulagi lögreglumála í landinu sem m.a. fólust í fækkun lögregluumdæma úr 26 í 15.

Nú rúmum þremur árum eftir sameiningu lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu má sjá að margt hefur áunnist með því að stækka og efla lögregluliðið á þessu svæði. Um þetta var m.a. fjallað í áfangaskýrslu um mat á breytingum á nýskipan lögreglu sem gefin var út í apríl 2008. Má í því sambandi nefna eflingu og styrkingu rannsókna á ýmsum sviðum, þar á meðal rannsókna fikniefnamála, kynferðisbrotamála og heimilisofbeldismála. Met hafa verið slegin í haldlagningu fikniefna á nánast hverju ári undanfarin þrjú ár og hafa þau mál í öllum tilvikum leitt til þungra fangelsisdóma yfir þeim brotlegu, þar á meðal þeim sem fjármagnað hafa og skipulagt innflutning umræddra fikniefna. Rannsóknartími alvarlegra ofbeldisbrota og kynferðisbrota er umtalsvert styttri en áður auk þess sem mikil áhersla hefur verið lögð á að bæta gæði rannsókna og saksóknar með aukinni fræðslu, sérhæfingu starfsmanna og breyttu skipulagi. Mikil áhersla hefur verið lögð á aukna sýnilega löggæslu til þess m.a. að fækka umferðarslysum og afbrotum. Á höfuðborgarsvæðinu hefur slysum og óhöppum í umferðinni fækkað umtalsvert á þessu tímabili samkvæmt tölfræði frá Umferðarstofu og lögreglu. Samstarf við sveitarfélög, stofnanir og ýmsa aðra hagsmunaaðila á svæðinu hefur verið eflt með reglulegum samráðsfundum, samstarfsverkefnum og samstarfssamningum. Þjónustukannanir hafa verið gerðar árlega þar sem öryggistilfinning íbúa er könnuð, sýnileiki lögreglunnar og ánægja með störf hennar. Niðurstöður þessara kannana bera með sér að íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru mjög ánægðir með störf lögreglunnar á svæðinu og í sínu hverfi og öryggistilfinning íbúa er mjög há. Þá má nefna að í mælingum Capacent á trausti til stofnana hér á landi sem fram fór í febrúar sl. kom fram að traust til lögreglunnar hefur aukist og hefur aldrei mælst jafn hátt frá því að mælingar hófust árið 1993.

Sameining lögregluliðanna hefur einnig skapað mörg tækifæri til hagræðingar og sparnaðar í rekstri lögreglunnar. Sú aðferðafræði sem beitt var við sameiningu embættanna árið 2007 fól í sér að öllum starfsmönnum lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu var tryggt áframhaldandi starf með óbreyttum kjörum hjá nýju embætti. Það hafði í för með sér að hagræðing og sparnaður af sameiningunni kom ekki fram á fyrstu tveimur árunum eftir sameininguna. Þar að auki fylgdi sameiningunni óhjákvæmilegur kostnaður vegna tilflutnings starfsmanna og annar breytingakostnaður. Halli var því á rekstri embættisins fyrstu tvö árin sem að mestu má rekja til

Hverfisgata 115
150 Reykjavík

Sími: 444-1000
Fax: 444-1015
Veffang: www.lrh.is
Netfang: lrh@lrh.is

framangreindra atriða. Með margvíslegum aðgerðum, þar á meðal breytingum á skipulagi og vaktakerfi, niðurlagningu deilda, flutningi verkefna til sýslumannsins í Kópavogi og fjölmörgum öðrum aðgerðum var þessum hallarekstri snúið við á árinu 2009 auk þess sem embættið þurfti á sama tíma að takast á við umtalsverða niðurskurðarkröfu í kjölfar bankahrunsins. Á rekstrarárinu 2009 varð um 90 m.kr. afgangur af rekstri embættisins sem notaður var upp í fyrirliggjandi 160 m.kr. halla vegna fyrstu tveggja árana. Náðist þessi árangur þrátt fyrir umtalsverðan niðurskurð sem birtist bæði í fjárlögum og fjárlögum ársins 2009. Rekstur embættisins á árinu 2010 er í jafnvægi nú þegar þriðjungur ársins er liðinn þrátt fyrir að bæst hafi við krafa um 225 m.kr. niðurskurð á fjárlögum ársins 2010.

Arðsemi breytinga í kjölfar sameiningar árið 2007 er því augljós og sést með skýrum hætti í myndum 10-12 í meðfylgjandi viðauka. Nefna má sem dæmi að kostnaður við rekstrarvörur hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er í dag umtalsvert lægri en hann var einungis hjá lögreglunni í Reykjavík á árinu 2006. Kostnaðarlækkunin í þeim samanburði nemur um 5% og er enn meiri ef tekian væri með í reikninginn sambærilegur kostnaður hjá lögregluembættunum í Hafnarfirði og Kópavogi fyrir sameiningu embættanna.

Stór hluti af þeirri hagræðingu og sparnaði sem náðst hefur á þessu og síðasta ári liggur í því að embættin á höfuðborgarsvæðinu voru sameinuð í upphafi árs 2007 og nýtur embættið þess á þeim erfiðu tímum sem núna blasa við í rekstri hins opinbera. Þannig hefur ekki verið ráðið í stöður yfirmanna sem látið hafa af störfum vegna aldurs og breytingar gerðar á skipulagi, sem miða að því að fækka stjórnendum í liðinu umtalsvert. Skiptir sá sparnaður í ár og á undanföllum þremur árum tugum milljóna króna. Frekari hagræðing er fyrirsjáanleg af þessum sökum á næstu árum þegar menn í stjórnunarstöðum munu láta af störfum vegna aldurs og því ljóst að sú hagræðing sem rekja má til sameiningarinnar árið 2007 er ekki enn að fullu komin fram.

Ekki eru gerðar efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Þeirri ábendingu er þó komið á framfæri að frumvarpið gerir ráð fyrir því að fella úr lögreglulögunum sérstök stöðuheiti, þar á meðal stöðuheiti aðstoðarlögreglustjóra. Á það skal bent að aðstoðarlögreglustjórar eru staðgenglar lögreglustjóra, sbr. í því sambandi 6. gr. laga nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, þar sem fjallað er um staðgengla sýslumanna. Væri því rétt að sambærilegt ákvæði væri til staðar í lögreglulögunum og nú er að finna í framangreindum lögum varðandi tilnefningu staðgengla.

Það er mat lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að fyrirliggjandi frumvarp feli í sér rétt og jákvætt skref til eflingar lögreglunnar í landinu. Með því skapast möguleikar til hagræðingar og sparnaðar sem ekki er unnt að ná í núverandi skipulagi án þess að skerða þjónustu lögreglu verulega. Á það bæði við um þau áform sem fram koma í frumvarpinu um frekari fækkun og stækkun lögregluumdæma og með flutningi löggæsluverkefna frá embætti ríkislögreglustjóra. Fyrirsjáanlegur er enn frekari niðurskurður á rekstri hins opinbera á næstu árum og því mikilvægt að þessar breytingar nái fram að ganga. Á það er hins vegar rétt að benda að frumvarpið gerir ráð fyrir því að allir starfsmenn eldri lögregluembætta eigi rétt á störfum hjá nýjum embættum og á sömu starfskjörum, að undanskildum lögreglustjórum. Því er fyrirsjáanlegt að meiri tíma taki en ella að ná fram hagræðingu og sparnaði af þessum breytingum, sbr. reynslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu tveimur starfsárum embættisins. Það er hins vegar skynsamlegt með hliðsjón af hagsmunum starfsmanna að vinna að málum með þessum hætti, líkt og gert var við breytingar á skipulagi löggæslumála í upphafi árs 2007.


Til frekari fróðleiks fylgja nokkrar töflur um stöðu og þróun mála á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt upplýsingum úr málaskrá lögreglu sem og upplýsingar um kostnaðarlækkun og hagræðingu í kjölfar sameiningar lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,


Stefán Eiríksson, lögreglustjóri.

Viðauki við umsögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum (586. mál)


Upplýsingar um stöðu og þróun mála á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 1: Fjöldi ofbeldisbrota (217. og 218. gr. alm. hegningarlaga) sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2004 til 2010, greint eftir mánuðum.




Mynd 2: Fjöldi ofbeldisbrota (217. og 218. gr. alm. hegningarlaga) sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til maí ár hvert.




Mynd 3: Fjöldi eignaspjalla sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2004 til 2010, greint eftir mánuðum.




Mynd 4: Fjöldi eignaspjalla sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til maí ár hvert.




Mynd 5: Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar öruggir einir á gangi að næturlagi í sínu hverfi/byggðarlagi samkvæmt þolendakönnun, greint eftir því hvort viðkomandi var búsettur á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.




Mynd 6: Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi/ byggðarlagi til að stemma stigu við afbrotum? (Þróun mála á höfuðborgarsvæðinu 2007-2009).




Mynd 7: Fjöldi þjófnaða og þar af innbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu 2004 til 2010, greint eftir mánuðum.




Mynd 8: Fjöldi þjófnaða og þar af innbrota sem tilkynnt voru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá janúar til maí ár hvert.




Mynd 9: Fjöldi slysa með meiðslum á höfuðborgarsvæðinu 2002 til 2009, greint eftir mánuðum (Heimild Umferðarstofa).



Mynd 10: Útgjöld fyrir og eftir sameiningu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Eins og sjá má á myndinni jókst kostnaður í upphafi sameiningar en hefur svo lækkað ár frá ári. Sameiningarkostnaðurinn er einskiptiskostnaður en kostnaðarhagræðið er til framtíðar.



Mynd 11: Hagræðing sýnd einnig sem hlutfall löggæsluútgjalda embættanna þriggja árið 2006 á verðlagi ársins 2009. Arðsemi breytinganna er meiri en 70% ef reiknað er með 300 m.kr. hagræði (sem þegar er orðið) á ári næstu ár fram til ársins 2015.



Mynd 12: Rekstrarvörukostnaður LRH er lægri nú en hjá lögreglunni í Reykjavík. Samningsstaða stærra embættis gagnvart birgjum er mun betri. Lækkun kostnaðar nemur um 5% og er meiri ef tekinn væri með sambærilegur kostnaður hjá sýslumannsembættunum í Hafnarfirði og Kópavogi vegna löggæslunnar þar fyrir sameiningu.